

SKIPULAGSNEFND UPPSVEITA ÁRNESSÝSLU

Samvinnunefnd Bláskógabyggðar, Grímsnes-og Grafningshrepps,
Hrunamannahrepps og Skeiða-og Gnúpverjahrepps um skipulagsmál.

FUNDARGERÐ

31. FUNDUR

miðvikudaginn 15. nóvember 2006, kl. 9 haldinn á Laugarvatni

Nefndarmenn:

Margeir Ingólfsson

Ingvar Ingvarsson

Sigurður Ingi Jóhannesson

Gunnar Örn Marteinnsson

Bláskógabyggð

Grímsnes-og Grafningsshr.

Hrunamannahreppur

Skeiða-og Gnúpverjahr.

Á fundinn komu einnig Hilmar Einarsson byggingarfulltrúi og Guðmundur Bøðvarsson aðstoðarmaður byggingarfulltrúa.

Skipulagsfulltrúi uppsveita og framkvæmdastjóri skipulagsnefndar:

Pétur Ingi Haraldsson

FUNDARGERÐ

Sameiginleg mál

- 1. Gjaldtaka skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa– drög til kynningar**
Lögð fram til kynningar tillaga að sameiginlegri gjaldskrá fyrir embætti skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa uppsveita Árnessýslu. Markmiðið er að ný gjaldskrá verði auglýst í Stjórnartíðindum í byrjun næsta árs.
- 2. Vegir og vegsvæði í frístundabyggðasvæðum**
Skipulagsnefnd telur að við gerð deiliskipulags fyrir ný frístundabyggðasvæði þurfi að tryggja nægjanlegt svæði við vegi fyrir lagnir, göngustíga og hugsanlega síðari tíma betrubætur á vegum. Að mati nefndarinnar skal vegsvæði meginvega innan frístundabyggða vera 12 metrar að lágmarki og breidd styttri botnlanga 8 m að lágmarki.
- 3. Samþykkt stefnumótun – breyting á aðalskipulagi sveitarfélaga**
*Skipulagsfulltrúi lagði til að samþykktir skipulagsnefndar um almenn stefnumarkandi ákvæði, s.s. um nýtingarhlutfall lóða í frístundabyggðum, stærðir aukahúsa, breidd vega o.s.frv. verði teknar saman og þær felldar inn í aðalskipulag sveitarfélaganna með því að auglýsa sem aðalskipulagsbreytingu.
Skipulagsfulltrúa er falið að fara yfir þetta mál og koma með tillögu um hugsanlegar breytingar.*
- 4. Fundartími skipulagsnefndar**
Skipulagsfulltrúi lagði til að fundartíma skipulagsnefndar verði breytt þannig að í stað þess að halda fundi að jafnaði þriðja miðvikudag í mánuði verði þeir haldnir annan fimmtudag í mánuði að jafnaði.

Bláskógabyggð

5. Laugarás í Biskupstungum, fyrirspurn.

Borist hefur fyrirspurn frá Gústaf Sæland um hvort að breyta megi notkun „Shell“ skálans í Laugarási í íbúðarhús. Í aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem verslunarsvæði á lóðinni er þegar eitt íbúðarhús auk skálans. Unnið er að því að gera nauðsynlegar breytingar á húsnæðinu til að það standist kröfur byggingarreglugerðar um íbúðarhús og verða teikningar lagðar til byggingarfulltrúa.

Að mati skipulagsnefndar þyrfti að breyta aðalskipulaginu á þann veg að lóðin yrði skilgreind sem landbúnaðarsvæði.

6. Reykholt í Biskupstungum, Fljótsholt, breyting á deiliskipulagi

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Reykhólts. Beiðandi er Hólmfríður Geirsdóttir.

Í tillögunni felst að tvær lóðir (5.550 og 6.300 m²) verða að einni auk þess sem nýtt svæði bætist við. Eingöngu er gert ráð fyrir að byggja eitt hús á svæðinu í stað tveggja áður.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

7. Reykholt í Biskupstungum, Sólbrekka. Breyting á deiliskipulagi.

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykholti. Beiðandi er Ólafur ? f.h. lóðarhafa. Í tillögunni felst að afmörkun, stærð og heiti lóðanna Lambabrún, Móaflöt og Lambaflöt breytist í samræmi við skráningu þeirra í fasteignamati. Einnig er gert ráð fyrir að byggingarreitur á lóð sem nú heitir Sólbrekka (var Lamabrún) stækkað þannig að hann er nú allsstaðar 10 m frá lóðamörkum. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að reisa allt að 800 m² skemmu á lóðinni.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna til auglýsingar skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga.

8. Austurey 2 í Laugardal, Krossholtsmýri, deiliskipulag frístundabyggðar.

Lögð fram að nýju tillaga að deiliskipulagi 4 frístundahúsalóða í landi Austureyjar 2, svæði sem kallast Krossholtsmýri. Beiðandi er Jón Snæbjörnsson f.h. landeiganda. Í tillögunni felst að gert er ráð fyrir þremur nýjum frístundahúsalóðum sem allar eru í kringum 3.800 m² auk þess sem eldri lóð er stækkuð úr 2.000 m² í 3.382 m². Skipulagssvæðið er um 3,51 ha að stærð og eru lóðir samtals um 1,48 ha. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að reisa allt að 120 m² frístundahús og allt að 30 m² aukahús. Á fundi Skipulagsnefndar þann 19. október sl. var samþykkt að auglýsa tillöguna með fyrirvara um að lóðirnar yrðu stækkaðar í u.þ.b. 0,5 ha, sbr. ákvæði Aðalskipulags Laugardalshrepps. Óskað hefur verið eftir að tillagan verði tekin fyrir að nýju óbreytt þar sem í raun hafi þessar lóðir verið afmarkaðar á þennan hátt fyrir löngu en að dregist hafi að klára málið á formlegan hátt. Í ljósi þess að sýnt hefur verið fram á að afmörkun umræddra lóða var ákveðin fyrir löngu síðan og að þeim hafi í raun þegar verið úthlutað, auk þess sem aðliggjandi lóðir eru að svipaðri stærð, að þá samþykkir skipulagsnefnd að auglýsa tillöguna þegar umsagnir Fornleifaverndar ríkisins og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands liggja fyrir.

- 9. Leynir í Laugardal, deiliskipulag frístundabyggðar, 2. hluti.**
 Lögð fram að nýju tillaga að deiliskipulagi 2. hluta frístundabyggðar í landi Leynis, Giljalönd og Gamlatún. Svæðið afmarkast af Böðmóðsstaðavegi í vestri, akvegi í norðri, Stóragili og eignalandi (Kaldakinn) í austri og jarðamörkum í suðri. Skipulagssvæðið er 17,5 ha að stærð og er gert ráð fyrir 19 frístundahúsalóðum. Tillagan var í kynningu frá 15. maí til 12. júní 2006 með athugasemdafrest til 26. júní. Engar athugasemdir bárust. Fyrir liggur umsögn Umhverfisstofnunar dags. 19. maí 2006 þar sem fram kemur að ekki sé æskilegt að byggja nær Brúará en 200 m. Umsögn Umhverfisstofnunar er tekin fyrir í afgreiðslu sveitarstjórnar dags. 1. ágúst 2006 á aðalskipulagsbreytingu svæðisins. Í ljósi þess að landið er mestu tún og akrar, og til samræmis við aðliggjandi svæði, var ekki talin ástæða til að setja frekari kvæðir um að fjarlægð bygginga verði meiri en 50 m. Einnig liggja fyrir umsagnir Fornleifaverndar ríkisins dags. 19. maí 2006 og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands dags. 24. mars 2006 þar sem ekki er gerð athugasemd við tillöguna. Bent er á hagkvæmni sameiginlegrar fráveitu. Deiliskipulagið er samþykkt skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga með þeirri breytingu frá auglýstri tillögu að hámarks nýtingarhlutfall lóða er 0.03 og lóðir ná að árbakka en ekki út í miðja á.
- 10. Lækjarhvammur í Laugardal, deiliskipulag frístundabyggðar við Grafará.**
 Lögð fram tillaga að deiliskipulagi tveggja frístundahúsalóða í landi Lækjarhvamms. Beiðandi er Pétur H. Jónsson f.h. landeiganda. Skipulagssvæðið er 10.880 m² og er gert ráð fyrir tveimur frístundahúsalóðum. Önnur lóðin er þegar byggð en á hinni er gert ráð fyrir að heimilt verði að reisa að hámarki 100 m² frístundahús auk allt að 25 m² aukahús. Skipulagsnefnd bendir á að byggingarreitur virðist ekki vera nægjanlega stór (um 50 m²) til að koma fyrir þeim byggingum sem skipulagið gerir ráð fyrir. Málinu frestað þar til nánar hefur verið gerð grein fyrir forsendum skipulagsins.
- 11. Útey I í Laugardal, fyrirspurn, nýtt frístundahús**
 Lögð fram fyrirspurn frá Jóhanni Rúnari Björgvinsyni um hvort að reisa megi nýtt frístundahús á 1 ha lóð í landi Úteyjar I. Á lóðinni er þegar 37 m² frístundahús sem myndi nýtast áfram sem gestahús. Lóðin er ekki á samþykktu deiliskipulagi. Skipulagsnefnd samþykkir ekki að reist verði nýtt hús á lóðinni eins og hún er skráð í dag þar sem fyrir er sumarhús sem er stærra en 30 fm. Skipulagsfulltrúa er falið að ræða við landeiganda um möguleika á nýtingu svæðisins.
- 12. Heiðarbær í Þingvallasveit, frístundahús.**
 Lögð fram tillaga að staðsetningu frístundahúss í landi Heiðarbæjar í Þingvallasveit. Beiðandi er Pálmi Guðmundsson arkitekt f.h. lóðarhafa. Í tillögunni felst að gert er ráð fyrir 120-150 fm frístundahúsi á 2,1 ha lóð. Í tillögunn kemur fram að 40 fm hús sem er á lóðinni verði látið víkja þegar lóðinni verður skipt upp í tvær lóðir og byggt verður nýtt hús á syðri hluta

hennar. Á fundi skipulagsnefndar 13. september sl. var tillagan samþykkt skv. 7. mgr. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga með fyrirvara um grenndarkynningu. Tillagan var send til kynningar til tveggja aðliggjandi húseigenda með athugasemdafrest til 16. nóvember (á morgun) og hefur borist ein athugasemd. Í athugasemdinni er fyrirhugaðri framkvæmd mótmælt þar sem húsið fellur ekki að byggðamynstri svæðisins og að nauðsynlegt sé að deiliskipuleggja svæðið áður en leyfi er veitt til framkvæmda. Er vísað í dóm úrskuðarnefndar skipulags- og byggingarmála og dóm hæstaréttar um að leyfi til framkvæmda í þegar byggðum hverfum þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir, að undangenginni grenndarkynningu, á eingöngu við um ef framkvæmdin leiðir til óverulegrar breytingar á byggðamynstri. Eftir ábendingu hefur komið í ljós að tillagan var ekki send til allra aðliggjandi hagsmunaaðila og hefur verið farið fram á að tímafrestur grenndarkynningar verði lengdur.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna að nýju skv. 7. mgr. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga og verður grenndarkynning endurtekin og byggingarleyfisteikningar sendar til allra aðliggjandi lóðarhafa. Varðandi athugasemd sem borist hefur bendir skipulagsnefnd á að byggðamynstur frístundabyggðar í landi Heiðarbæjar er mjög fjölbreytt og eru þar hús af öllum gerðum og stærðum. Stærð og útlit þessa húss sker sig ekki úr frá öðrum húsum sem leyfð hafa verið undanfarin ár. Deiliskipulag hefur aldrei verið fyrir hendi á svæðinu og hafa byggingarleyfi undanfarin ár verið gefin út eftir sambærilegt ferli og nú er í gangi, m.a. í tengslum við byggingarframkvæmdir við hús lóðarhafa sem mótmælir tillögunni. Vinna við deiliskipulag svæðisins hefur verið í gangi í fjölmörg ár og er ekki vítað hvenær henni muni ljúka og er það ekki réttlætlanleg gagnvart lóðarhafa að mati nefndarinnar að stöðva allar framkvæmdir á svæðinu þar til þeirri vinnu hefur verið lokið.

Grímsnes-og Grafningshreppur

13. **Klausturhólar í Grímsnesi. Breyting á deiliskipulagi, ný lögbýli.**

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Klausturhóla. Beiðandi er Jón Arnar f.h. lóðarhafa.

Í tillögunni felst að lóðirnar Klausturhólsgata 6, 8, 14 og 16 eru sameinaðar í Garðyrkjulóðina Klett (3,88 ha) og lóðirnar Klausturhólsgata 18 og 20 eru sameinaðar í garðyrkjulóðina Bjarg (1,92 ha). Sótt hefur verið um lögbýlisrétt fyrir báðar lóðirnar og hefur borist staðfesting um að hann verði veittur. Gert er ráð fyrir að á lóð Kletts megi byggja allt að fjögur 220 m² einbýlishús innan skilgreindra byggingarreita auk gróðurhúss og annarra bygginga tengdum gróðurhúsastarfsemi. Á lóð Bjargs er gert ráð fyrir tveimur allt að 220 m² einbýlishúsum auk gróðurhúss. Meðfylgjandi er tillaga að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins sem lögð verður fram á næsta fundi sveitarstjórnar. Þar er gert ráð fyrir að umrætt svæði breytist úr frístundabyggð í blandaða landnotkun frístundabyggðar og landbúnaðarsvæðis.

Skipulagsnefnd telur að áður en hægt sé að afreiða tillöguna til auglýsingar að þá þurfi að gera nánar grein fyrir þeim byggingum sem heimilað verður að reisa á lóðunum, þ.e. fjölda þeirra, stærð og gerð. Þegar þær upplýsingar liggja fyrir mun skipulagsfulltrúi leita umsagnar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

14. **Klausturhólar í Grímsnesi, deiliskipulag frístundabyggðar, Kerhraun svæði E.**

Lögð fram að nýju tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í Kerhrauni, svæði E. Beiðandi: Sigurður Hreinsson f.h. landeigenda SH Festi.

Í tillögunni felst að gert er ráð fyrir 71 frístundahúsalóðum á bilinu 4.517 – 6.950 m² á rúmlega 50 ha svæði sem liggur upp að þegar skipulögðu frístundabyggðasvæði í Kerhrauni. Fyrir liggur umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands dags. 13. nóvember 2006 .

Skipulagsnefnd bendir á að lóðir megi að lágmarki vera 0,5 ha sbr. stefna í aðalskipulagi Sveitarfélagsins. Einnig þarf breidd meginvega að lágmarki vera 12 m og breidd botnlanga 8 m í samræmi við samþykkt skipulagsnefndar..

Í skilmálum eiga ekki að koma fram upplýsingar um félagsaðild, umgengni og kostnaðarþáttöku eða önnur sammingsatriði, sbr. leiðbeiningar Skipulagsstofnunar sem finna má á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsnefnd samþykkir að auglýsa tillöguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga þegar komið hefur verið til móts við ofangreindar athugasemdir. Einnig þarf að fullnægja skilyrðum Heilbrigðiseftirlitsins.

15. **Kringla 2 í Grímsnesi, breyting á skilmálum deiliskipulags frístundabyggðar.**

Lögð fram beiðni um breytingu á skilmálum deiliskipulags frístundabyggðar í landi Kringlu 2. Beiðandi er Jón Sigurðsson.

Óskað er eftir að skilmálum deiliskipulagssins fyrir lóð 17 verði breytt á þann veg að heimilt verði reisa allt að 250 m² hús og allt að 100 m² hesthús.

Beiðandi hyggst síðar sækja um lögbýlisrétt á landinu sem er 11,8 ha að stærð. Allar lóðir innan deiliskipulagssvæðis eru um og yfir 10 ha að stærð og

skv. nógildandi skilmálum má reisa allt að 100 m² frístundahús og 10-15 m² geymslu.

Skipulagsnefnd samþykkir ekki að leyfa allt að 100 fm hesthús á sumarhúsalóð. Samkvæmt reglum sveitarfélagsins má byggja allt að 25 fm aukahús á slíkum lóðum. .

16. Vatnsholt í Grímsnesi, deiliskipulag frístundabyggðar.

Lögð fram að nýju tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Vatnsholts. Beiðandi er Pétur H. Jónsson f.h. landeigenda. Í tillögunni felst að gert er ráð fyrir 51 frístundahúsalóð á bilinu 4.500 – 10.000 m² að stærð á 45 ha svæði vestast í landi Vatnsholts, með aðkomu frá Vatnsholtsvegi. Hús er þegar á 8 lóðum. Gert er ráð fyrir húsum á bilinu 50-200 m² en þó skal nýtingarhlutfall lóða ekki fara upp fyrir 0.03. Komið hefur verið til móts við fyrri ábendingar um stærðir lóða auk þess sem bætt hefur verið inn merkingu um fornleif skv. ábendingu Fornleifaverndar ríkisins.

Borist hefur umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands dags. 14. nóvember 2006 þar sem fram kemur að ekki sé hægt að mæla með því vatnstökusvæði sem tilgreint er í tillögunni auk þess sem gera þurfi grein fyrir vatnsverndarsvæði þess og brunnsvæði. Einnig er bent á möguleika og hagkvæmni sameiginlegrar fráveitu.

Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu málsins þar til nánar hefur verið gerð grein fyrir neysluvatnstöku fyrir byggðina.

Hrunamannahreppur

17. Ásatún, Heiðabyggð, fyrirspurn um stærð frístundahúss.

Lögð fram að nýju fyrirspurn Þórðar Magnússonar eigenda lóðar D6 í Heiðabyggði í landi Ásatúns um möguleikann á viðbyggingu við eldra frístundahús sem er um 50 m². Með fylgja frumdrög Valdimars Harðarsonar af um 69 m² viðbyggingunni. Á síðasta fundi skipulagsnefndar var ranglega tali að viðbyggingin væri 120 m². Samtals yrði húsið 119 m² en lóðin er 3.430 m².

Skipulagsnefnd telur að viðbyggingin sé enn of stór miðað við stærð lóðarinnar í ljósi nýsamþykkrar stefnu sveitarfélagsins um að nýtingarhlutfall frístundahúsalóða skuli ekki vera hærra en 0.03. Einnig má benda á að í aðliggjandi frístundahverfi þar sem lóðir eru svipað stórar að þá er hámarksstærð frístundahúsa 90 m².

Skipulagsnefnd telur að miða ætti við nýtingarhlutfall upp á 0.03 sem felur í sér að hámarks heildarstærð má vera í kringum 102 m². Þegar byggingarteikningar af húsinu eru tilbúnar að þá mun skipulagsfulltrúi sjá um að þær verði kynntar fyrir aðliggjandi lóðarhöfum í samræmi við 7. mgr. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga áður en byggingarnefnd tekur málið til afgreiðslu.

18. Efra-Sel, samræming skilmála fyrir frístundabyggðirnar Álftabyggð, Kjóabyggð og Svanabyggð.

Lögð fram tillaga landeigenda að Efra-Seli um samræmingu deiliskipulagsskilmála fyrir frístundabyggðirnar Álftabyggð, Kjóabyggð (Lóubraut) og Svanabyggð. Í tillögunni felst eftirfarandi:

1. Byggingarmagn, þ.e. heildarfermetrafföldi bygginga á hverri lóð skal almennt miða við nýtingarhlutfall sem verður 3% af heildarstærð lóðar skv. skipulagi.
2. Leyfileg stærð á geymsluhúsnæði/aukahúsi verði að hámarki 1/4 af stærð aðalhúss.
3. Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. verði heimilt heildarbyggingarmagn á hverri lóð óháð stærð hennar, 110. m².

Í dag er heimilt að byggja allt að 90 m² í Álftabyggð, 95 m² í Kjóabyggð og 60 – 90 m² í Svanabyggð.

Skipulagsnefnd telur að í ljósi nýsamþykkrar stefnu skipulagsnefndar og sveitarstjórna uppsveita Árnessýslu um að nýtingarhlutfall skuli almennt ekki vera hærra en 0.03 að þá

Skipulagsnefnd telur að í ljósi nýsamþykkrar stefnu skipulagsnefndar uppsveita Árnessýslu og sveitarstjórnar Hrunamannahrepps um nýtingarhlutfall frístundahúsalóða að þá er ekki samþykkt að breyta skilmálum á þann veg að leyfilegt byggingarmagn á öllum lóðum verði allt að 110 m².

Skipulagsnefnd samþykkir þó að breyta skilmálum Svanabyggðar þannig að heimilt verði að reisa allt að 90 m² frístundahús á öllum lóðunum en ekki bara þremur eins og nú er. Einnig er samþykkt að breyta skilmálum Kjóabyggðar og Álftabyggðar þannig að leyfilegt nýtingarhlutfall lóðar verði 0.03.

19. Flúðir, íbúð í bílskúr, fyrirspurn

Lögð fram fyrirspurn um hvort að breyta megi bílskúr á lóð hans við Akurgerði 3 á Flúðum í íbúð.

Skipulagsnefnd telur að breyting á notkun bílskúrsins í íbúðarhúsnæði samræmist landnotkun svæðisins. Leggja þarf fram teikningar af breytingum bílskúrsins þannig að hann samræmist kröfum byggingarreglugerðar um íbúðarhúsnæði. Áður en teikningarnar verða teknar fyrir í byggingarnefnd mun skipulagsfulltrúi kynna fyrirhugaðar breytingar fyrir eigendum aðliggjandi lóðar í samræmi við 7. mgr. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga.

20. Flúðir, Bakkatún, breyting á deiliskipulagi

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi íbúðarsvæðis og vegar í Bakkatúni á Flúðum.

Í tillögunni felst að lega vegar breytist lítillega sem hefur áhrif á afmörkun og stærð nokkurra lóða næst veginu nyrst á svæðinu. Engum lóðum á svæðinu hefur verið úthlutað til þessa.

Skipulagsnefnd telur breytinguna vera óverulega og samþykkir því tillöguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga. Grenndarkynning fellur niður þar sem lóðunum hefur ekki verið úthlutað enn og því enginn hagsmunaaðila innan áhrifasvæðis breytingarinnar.

21. Flúðir, Grafarbakki. Deiliskipulag íbúðarsvæðis.

Lögð fram að nýju tillaga að deiliskipulagi íbúðarsvæðis á lóð sem var áður hluti af lögbýlinu Grafarbakka. Svæðið er í aðalskipulagi skilgreint sem íbúðarsvæði A9 og er aðkoma að svæðinu um nýjan veg frá Þjóðvegi nr. 30. Á svæðinu er gert ráð fyrir þremur tveggja hæða íbúðarbyggingum með samtals allt að 40 íbúðum og að auki er gert ráð fyrir þremur einnar hæðar byggingum fyrir bílskúra og sameiginlegar geymslur.

Skipulagsnefnd samþykkir að auglýsa tillöguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga þegar umsagnir Fornleifaverndar ríkisins og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands liggja fyrir. Breyting á deiliskipulagi íbúðarsvæðis við Bakkatún verður auglýst samhliða vegna færslu vegarins.

Skeiða-og Gnúpverjahreppur

22. Brautarholt á Skeiðum, óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Brautarholts á Skeiðum. Í breytingunni felst að númer allra lóða breytast, byggingarreitur á lóð stækkar, gert er ráð fyrir parhúsi í stað einbýlishúss á tveimur lóðum og hámarkstærðir húsa breytast. Skipulagsnefnd samþykkti tillöguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með fyrirvara um grenndarkynningu. Tillagan var send til kynningar til allra íbúa/lóðarhafa innan deiliskipulagssvæðisins með bréfi 5. október og var frestur til athugasemda til 6. nóvember sl. Athugasemdir bárust frá íbúum tveggja húsa og í báðum tilvikum er gerð athugasemd við breytingu á mænishæð (úr 4,5 í 6 m) og að leyft verði að byggja tvær hæðir í stað eina og hálfra. Einnig er gerð athugasemd við hækkun nýtingarhlutfalls úr 0.3 í 0.5 og að fleiri einbýlishúsalóðum skuli vera breytt í parhúsalóðir. Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu málsins.

23. Kílhraun á Skeiðum, Áshildarmýri. Deiliskipulag frístundabyggðar.

Lögð fram til kynningar umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands um deiliskipulag frístundabyggðar í landi Kílhrauns á Skeiðum.

24. Skarð í , lóðablað.

Lagt fram landsspildublað unnið af Verkfræðistofu Suðurlands af 14.550 m² lóð úr landi Skarðs II. Í erindii kemur fram eru engir aðliggjandi landeigendur. Samþykkt skv. 30. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið klukkan 12:00

Næsti fundur verður fimmtudaginn 14. desember 2006

Laugarvatni 15. nóvember október 2006

Margeir Ingólfsson (8721)

Ingvar Ingvarsson (8719)

Sigurður Ingi Jóhannsson (8710)

Gunnar Örn Marteinson (8720)

Pétur Ingi Haraldsson